



Fundargerð 3. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, mánudaginn 27. mars kl. 19.15

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Halldór Viðar Hauksson (HVH) og Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV) og Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ).

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Fjölmíðlamál

Farið yfir vinnu tveggja hópa sem hafa starfað undanfarna mánuði. Málið var rætt frá ýmsum hliðum og varð niðurstaðan í meginatriðum eftirfarandi:

- Allir þeir sem hafa fengið leyfi AKÍS fá heimild til að taka upp efni á keppni í Íslandsmóti, hvort sem er ljósmyndir eða “hreyfi” myndir.
- Keppnishaldara er heimilt að innheimta gjald af þeim upptökuaðila sem nýtir efnið í beina útsendingu. Gjaldið verði fast, kr. 200.000, sem renni til keppnishaldara.
- Myndatökuaðilar skrifa undir samning hjá AKÍS þegar þeir fá leyfi. Í samningnum komi fram t.d. ýmsar öryggisáherslur og gæðakröfur varðandi t.d. málfar þegar það á við. Líka hvaða áhorf verður.
- Keppnisgreinum verði heimilt að gera samning við aðila um alla mótariðina en slíkir samningar útiloki ekki aðra frá því að taka upp og senda út.
- Allt myndefni verður eign þess sem tekur það upp og er honum heimilt að “ráðstafa því að vild”.

TMB og AS falið að útfæra þessa punkta í reglugerðarform og deila því með stjórn strax í kvöld. Þessar reglur muni gilda keppnistímabilið 2023 en verði endurskoðaðar í lok tímabilsins.

Í framhaldinu verði reglugerðin send á formenn aðildarfélaganna og þeim gefnir tveir dagar til að koma með sína skoðun. Ný reglugerð verði síðan gefin út ekki seinna en föstudaginn 31. mars n.k.

Næsti fundur verður raunfundur að Engjavegi 6, þriðjudaginn 27. mars kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 20.37